

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag hafnarsvæðis við Eiðið, vesturhluti H-2, við Strandveg 104.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 10. september 2024 tillögu að breyttu aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagningar á Vestmannaeyjalínum 4 og 5 (VM4 og VM5).

Tillagan gerir ráð fyrir að tveir nýir 66 kV sæstrengir, Vestmannaeyjalínur 4 og 5 (VM4 og VM5), komi í land í Gjábakkafjöru austan við þann stað þar sem Vestmannaeyjalína 3 (VM3) kemur nú í land. Eftir landtöku er gert ráð fyrir að strengirnir verði leiddir norður, upp gil sem liggur í Gjábakkafjöru og áfram að Skansvegi.

Skansvegur verður þveraður og strengirnir þaðan leiddir í gegnum hraun að mestu um göngustíga sem eru þar fyrir. Það yfirborð, sem verður raskað á þeim hluta leiðarinnar, er að mestu þakið lúpinu sem er talið rýra verndargildi yfirborðs hraunsins. Strengjaleiðirnar verða nýttar til að búa til nýjar gönguleiðir.

Þó nokkrar leiðir að landi og að spennistöð voru skoðaðar sem má sjá í skipulagsgögnum. Þótti leiðin sem lýst er að ofan fela í sér mest rekstraröryggi og minnst umhverfisrask, en leið sem gert var ráð fyrir í tillögu á vinnslustigi reyndist ekki fýsileg vegna strengja sem fyrir eru.

Umhverfisáhrif sem hljótast af framkvæmd skipulagsins eiga að mestu við um rask á yfirborði lands sem er að hluta til ósnert hraun. Sérþækir skilmálar hafa verið skilgreindir varðandi umgengni við framkvæmdir og endurnýjun umhverfis að þeim loknum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 28. nóvember 2024,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. desember 2024